

## Dalaveitur

Ljósleiðaraverkefni Dalaveitna hefur gengið vel í haust og er plægingu strengs lokið þetta árið. Síðustu metrarnir, sem til stóð að plægja 2018, fóru í jörðina í byrjun nóvember í Saurbænum. Verkefnið hefur verið gríðarlega umfangsmikið, en alls er búið að plægja um 230 km af streng haustið 2017 og sumarið 2018. Heilt yfir hefur framkvæmdin gengið vel, en eins og í öllum stórum verkum hafa komið upp óvænt atvik sem leysa hefur þurft á verktímanum.

Svæðið sem kerfið nær yfir núna er mjög víðfemt og landeigendur og samráðsaðilar margir. Þó búið sé að plægja eru nokkur frágangsatríði sem er verið að skoða. Ef þið hafið ábendingar eða athugasemdir vegna frágangs á ykkar landi vinsamlegast komið þeim á framfæri í tölvupósti á netfangið [dalaveitur@dalir.is](mailto:dalaveitur@dalir.is) eða með því að hringja á skrifstofu Dalabyggðar.

Telnet vann að lokafrágangi og uppsetningu húskassa sunnan Búðardals í október. Tenging notenda sunnan Búðardals var virkjuð 7. nóvember s.l. og eiga notendur með virka tengingu að hafa fengið tilkynningu þess efnis ásamt upplýsingum um framhaldið.

Tengingar í Laxárdalnum sunnan Laxár fara fram öðru hvoru megin við áramót. Telnet nær ekki að vinna samfelld að tengingum m.a. vegna sambærilegra verka hjá öðrum sveitarfélögum. Ekki er búist við að tengivinna vestan Búðardals hefjist fyrr en á nýju ári.

Fyrirspurnir vegna umsókna um tengingu skulu berast í ofangreindan tölvupóst ([dalaveitur@dalir.is](mailto:dalaveitur@dalir.is)) eða með því að hringja á skrifstofu Dalabyggðar.

## Sælingsdalslaug nóvember

Í nóvember verður Sælingsdalslaug opin á þriðjudögum kl. 15:30-20, miðvikudögum kl. 17-22, fimmtudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 14-18.

Hætt er að selja í laugina hálf tíma fyrir lokun og gestir þurfa að vera búnir að yfirgefa búningsklefa ekki seinna en 15 mínútum eftir lokun.

Stakur miði fyrir fullorðna kostar 550 kr., 10 miðar 3.300 kr. og 20 miðar 6.000 kr. Stakur miði fyrir börn 7-16 ára, öryrkja og eldri borgara kostar 250 kr., 10 miðar 1.300 kr. og 20 miðar 2.200 kr.



# DALAPÓSTURINN

14. tölublað, 11. árgangur  
7. nóvember 2018

## Tillaga að fjárhagsáætlun 2019-2022

Á fundi sveitarstjórnar 1. nóvember var lögð fram fyrsta tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2019 til 2022.

Afgreiðsla sveitarstjórnar var eftirfarandi: „Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögu að fjárhagsáætlun til annarrar umræðu á fundi sveitarstjórnar 22. nóvember. Á milli umræðna er tillögunni vísað til umræðu í nefndum og byggðarráði. Byggðarráði er falið að gera tillögur að breytingum á áætlun þannig að hún verði ekki með halla. Tillagan verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins og eru íbúar hvattir til að senda byggðarráði tillögur og ábendingar varðandi hana fyrir 14. nóvember.“

Sendu má tillögur og ábendingar á netfangið [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is).

## Íbúafundur um sölu Lauga

Íbúafundur um stöðu og framtíð Lauga var haldinn þriðjudagskvöldið 6. nóvember í Dalabúð. Salurinn í Dalabúð var þéttsetinn en á fundinn mættu á annað hundrað manns.

Sveitarstjórnarmenn tóku fyrst til máls hver af öðrum. Góð þátttaka var síðan meðal fundagesta í umræðum. Auk sveitarstjórnarfulltrúa tóku 22 til máls til máls af báðum kynjum og á öllum aldri og lögðu fram fjölbreyttar hugmyndir og skoðanir.

Fundarstjóri var Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Ábyrgðarmaður: Kristján Sturluson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur